

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

9. fundur stjórnar 2025-2026 föstudaginn 13. febrúar 2026

kl. 12.00 - 14.00 á Sögu, fundarherbergi 552

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir og Þróstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Rannveig Björk Þorkelsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 7. janúar 2026 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)
2. Norrænt samstarf háskólafélaganna. (Fskj. 2)
 - a) Fundur í Færeyjum 2.-4. júní.
 - b) Starfshópur um akademískt frelsi.
3. Fjársýslan og álit lögfræðings.
4. Skipting rekstrarkostnaðar FPR og SP.
5. Starf framkvæmdastjóra.
6. Vinnufundur stjórnar 6. mars 2026. Dagskrá.
7. Aðalfundur FPR.
8. Þóknun til fulltrúa FPR í nefndum og ráðum.
9. Fundir með félagsfólki (formlegir og óformlegir).
10. Versnandi aðstæður akademísks starfsfólks.
11. Erindi frá emeritus um styrki Starfsþróunarsjóðs prófessora.
12. Næsti fundur.
13. Önnur mál.

Zophonías Oddur Jónsson, varaformaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 12.20.

1. Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 7. janúar lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

Sigrún kom: kl. 12.25.

2. Norrænt samstarf háskólafélaganna. (Fskj. 2)

a) Fundur í Færeyjum 2.-4. júní.

Norrænn fundur háskólafélaganna verður að þessu sinni í Færeyjum dagana 2.- 4 júní nk. Fundurinn hefst 2. júní kl. 19.00 og lýkur með hádegisverði 4. júní. Rætt var um mikilvægi samstarfsins. Samþykkt var að fulltrúar félagsins sem eiga þess kost sæki fundinn.

b) Starfshópur um akademískt frelsi.

Henry Alexander Henrysson og Hólmfríður Garðarsdóttir voru fulltrúar félagsins í starfshópi norræns samstarfs háskólafélaganna um akademískt frelsi. Starfshópurinn skilaði skýrslu um stöðuna á Norðurlöndunum árið 2024. Starfshópurinn hefur nú tekið upp þráðinn að nýju og stefnir að því að skipuleggja ráðstefnu um akademískt

frelsi á næsta ári. Henry gefur kost á sér til að starfa áfram í hópnum fyrir hönd félagsins. Samþykkt.

3. Fjársýslan og álit lögfræðings.

Sigrún fór yfir stöðu málsins. Málið er enn til skoðunar hjá lögmannsstofu vegna hugsanlegra aðgerða. Samþykkt var að vinna áfram að málinu. Ef til kostnaðar vegna lögmanns kemur verður hann borinn undir stjórn áður en ákvörðun verður tekin.

4. Skipting rekstrarkostnaðar FPR og SP.

Framkvæmdastjóri upplýsti að tillaga stjórnar FPR um 30% kostnaðarhlutdeild Starfsþróunarsjóðs prófessora í sameiginlegum rekstrarkostnaði hafi verið samþykkt á fundi stjórnar SP þann 28. janúar sl. Breytingin gildir frá 1. janúar 2025.

5. Starf framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri upplýsti að hún hyggst láta af störfum þegar hún verður 67 ára, þann 1. ágúst nk. Hún óskaði eftir því að síðasti vinnudagur yrði 31. maí og hún færi síðan í sumarleyfi til 31. júlí. Við síðustu launagreiðslu verði gert upp það sem hún kann að eiga inni í orlofi og öðru.

Rætt var um fjármál félagsins og helstu verkefni framkvæmdastjóra. Gögn þar að lútandi liggja fyrir og verða send stjórninni eftir fundinn.

6. Vinnufundur stjórnar 6. mars 2026. Dagskrá.

Rætt var um vinnufundinn og dagskrá hans. Sigrún sendir stjórninni tillögu að dagskrá. Ákveðið var að fara út að borða eftir fundinn. Fulltrúum í fyrri stjórn verður einnig boðið, ásamt þeim trúnaðarmönnum sem ekki sitja í stjórn félagsins.

7. Aðalfundur FPR.

Lagt var til að aðalfundurinn verði haldinn miðvikudaginn 13. maí kl. 14-17. Samþykkt.

8. Þóknun til fulltrúa FPR í nefndum og ráðum.

Á síðasta fundi var farið yfir þær reglur sem gilda um málið. Framkvæmdastjóri aflaði upplýsinga um fyrirkomulagið hjá átta öðrum aðildarfélögum BHM. Umræða fór fram um málið og var niðurstaðan sú að reglum FPR yrði ekki breytt.

9. Fundir með félagsfólki (formlegir og óformlegir).

Sigrún og Hermína verða með opinn félagsfund á Akureyri 25. febrúar nk. Þá munu þær jafnframt funda með rektor og samstarfsnefnd HA um kjaramál.

Stefnt er að óformlegum fundum á sviðum HÍ á árinu til að ræða kjaramálin. Einnig mun formaður koma á fundum á Hólum og hjá LBHÍ.

10. Versnandi aðstæður akademísku starfsfólks.

Frestað til næsta fundar

11. Erindi frá emeritus um styrki Starfsþróunarsjóðs prófessora.

Frestað til næsta fundar

12. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 18. febrúar kl. 12-14 á Sögu.

13. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.04.

Fundarritari: LÞ.